## Skógarvörðurinn á Austurlandi

# Starfsskýrsla 2023



skógræktin

# Efnisyfirlit


| | |
|---|---|
| **Töfluskrá** | **bls. 3** |
| **Almennt** | **bls. 4** |
| Veðurfar – veðurmælingar | bls. 4 |
| Starfsfólk ársins | bls. 7 |
| **Skógur og skóggræðsla** | **bls. 8** |
| Vöxtur og þrif trjágróðurs | bls. 8 |
| Girðingar og smölun | bls. 9 |
| Viðhald vega og slóða | bls. 9 |
| Skógarhögg | bls. 9 |
| Viðarvinnsla | bls. 11 |
| Jólatré | bls. 13 |
| Gróðursetning | bls. 15 |
| **Plöntudreifingarstöð** | **bls. 16** |
| **Fasteignir** | **bls. 17** |
| Viðhald | bls. 17 |
| **Vélar og verkfæri** | **bls. 18** |
| Bifreiðar | bls. 18 |
| Dráttarvélar | bls. 18 |
| Önnur tæki | bls. 18 |
| **Útivistarsvæði** | **bls. 19** |
| Hallormsstaðaskógur | bls. 19 |
| Tjaldsvæði | bls. 20 |
| Trjásafn | bls. 21 |
| **Ýmislegt annað** | **bls. 23** |
| Sjálfboðaliðar | bls. 23 |
| Rjúpnaveiði | bls. 23 |
| Námskeið/fundir/ráðstefnur | bls. 24 |

# Töfluskrá

Bls.

*Tafla 1. Veðurmælingar á Hallormsstað 2023* 4
*Tafla 2. Samantekt á hitafari maí-sept.* 5
*Tafla 3. Úrkoma 2023* 5
*Tafla 4. Jarðvegshiti* 6
*Tafla 5. Grisjun / skermfelling birkiskóga 2023* 10
*Tafla 6. Grisjun barrskóga 2023* 10
*Tafla 7. Afhentur viður 2023* 12
*Tafla 8. Sala á jólatrjám 2023* 13
*Tafla 9. Sala á jólagreinum 2023* 13
*Tafla 10. Gróðursetning Hallormsstað 2023* 15
*Tafla 11. Gróðursetning í Víðidal Hafursá 2023* 15
*Tafla 12. Gróðursetning Höfða 2023* 16
*Tafla 13. Gistinætur 2011-2023* 21
*Tafla 14. Sala veiðileyfa 2023* 23

# Starfsskýrsla
# Skógræktin á Austurlandi

## Almennt

### Veðurfar – veðurmælingar

Tafla 1. Veðurmælingar á Hallormsstað 2023

| **Lofthiti** | Jan. | Feb. | Mars | Apríl | Maí | Júní | Júlí | Ágúst | Sept. | Okt. | Nóv. | Des. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Meðalhiti mán. | -1,2 | 1,3 | -3,5 | 3,6 | 8,3 | 12,8 | 8,8 | 10,3 | 7,3 | 3,0 | 0,9 | -3,4 |
| Hæsta hitastig | 11,8 | 11,6 | 9,2 | 18,4 | 20,3 | 27,8 | 22,3 | 22,0 | 18,1 | 11,0 | 11,5 | 9,1 |
| Lægsta hitastig | -14,9 | -10,4 | -15,8 | -7,9 | -3,3 | 0,6 | -0,3 | -2,7 | -0,9 | -7,4 | -8,5 | -13,8 |

| | |
|---|---|
| **Meðalhiti maí - sept.** | 9,5 |
| **Meðalhiti júní - sept.** | 9,8 |
| **Meðalhiti allt árið** | 4,2 |



## Samantekt á hitafari (1. maí til 30. september = 153 dagar) 2018 til 2023

### Lofthiti

Tafla 2. Samantekt á hitafari maí - september.

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi sólarhringa þar sem lágmarkshiti er jafn eða minni en 2°C | 30 | 40 | 45 | 45 | 32 | 25 |
| Fjöldi sólarhringa þar sem sólarhr. meðalhiti er jafn eða yfir 5°C | 141 | 123 | 128 | 115 | 138 | 136 |
| Fjöldi sólarhringa þar sem sólarhr. meðalhiti er jafn eða yfir 15°C | 6 | 6 | 5 | 20 | 3 | 8 |
| Fjöldi sólarhringa þar sem hámarkshiti er jafn eða yfir 15°C | 54 | 39 | 50 | 79 | 61 | 57 |
| Fjöldi sólarhringa þar sem hámarkshiti er jafn eða yfir 20°C | 14 | 10 | 10 | 34 | 4 | 15 |
| **Hitasumma** | | | | | | |
| Fjöldi sólarhringa sem hitasumma (>5°C )sólarhrings er yfir 5°C | 68 | 47 | 58 | 88 | 54 | 62 |
| Hitasumma (>5°C ) | 694 | 558 | 616 | 805 | 637 | 709 |

Meðalhiti mánaða maí – september 2018 til 2023.

### Úrkoma

Tafla 3. Úrkoma á Hallormsstað í mm.

| | jan. | feb. | mars. | apríl | maí | júní | júlí | ágúst | sept. | okt. | nóv. | des. | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2014 | 390,4 | 137,8 | 107,1 | 23,1 | 39,9 | 22,2 | 71,0 | 55,8 | 33,7 | 155,9 | 181,1 | 141,4 | **1.359,4** |
| 2015 | 117,5 | 86,2 | 204,8 | 37,4 | 31,9 | 15,7 | 23,8 | 96,6 | 65,3 | 65,6 | 54,1 | 198,9 | **997,8** |
| 2016 | 67,4 | 93,3 | 29,3 | 16,7 | 24,5 | 13 | 31,5 | 88,1 | 121,4 | 28,2 | 44,8 | 125,5 | **683,7** |
| 2017 | 42,7 | 296,64 | 36,8 | 45,1 | 51,6 | 54 | 35,5 | 28,8 | 152,7 | 90,9 | 79,4 | 25 | **939,1** |
| 2018 | 237,8 | 186,51 | 111,1 | 50,5 | 59,7 | 25 | 61,5 | 52 | 57,3 | 120,9 | 116,8 | 146,7 | **1225,4** |
| 2019 | 56 | 68,8 | 43,6 | 35,3 | 4,6 | 24,8 | 62,52 | 18,3 | 50,9 | 149,9 | 65,8 | 115 | **695,52** |
| 2020 | 76,9 | 175,05 | 109,7 | 53,7 | 5 | 34,02 | 31,2 | 23,73 | 78 | 148,1 | 75,8 | 171,2 | **982,4** |
| 2021 | 65,8 | 128,4 | 26,7 | 26,6 | 15,5 | 34,2 | 30,6 | 4,8 | 100,4 | 115,1 | 69,2 | 100,3 | **717,6** |
| 2022 | 92,3 | 160,6 | 192,6 | 23,7 | 62,1 | 35,7 | 96,1 | 60,1 | 33,9 | 68,5 | 335,9 | 44,6 | **1206,1** |
| 2023 | 100,8 | 60 | 86,9 | 83,3 | 19,6 | 45,4 | 49,1 | 37,9 | 115,7 | 46,5 | 40 | 64,3 | **749,5** |

- Í maí 2022 vantar inn dagana 19 til 25.

**Úrkoma maí – sept. 267,7**
**Úrkoma júní – sept. 248,1**
**Ársúrkoma 749,5**

Úrkoma á Hallormsstað í mm




## Jarðvegshiti

Tafla 4. Jarðvegshiti á Hallormsstað í °C, 2023.

| Jarðvegsmælar | jan. | feb. | mars | apríl | maí | júní | júlí | ágúst | sep t. | okt | nóv | des |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Við jörðu | -1,29 | -0,52 | -2,67 | 2,35 | 7,2 | 12,4 | 9,24 | 9,89 | 6,33 | 1,97 | -0,43 | -2,73 |
| 10 cm. dýpt | 0,29 | 0,2 | 0,08 | 0,17 | 3,5 | 10,52 | 10,46 | 10,89 | 8,64 | 4,65 | 1,73 | 0,45 |
| 20 cm. dýpt | 0,37 | 0,23 | 0,08 | 0,07 | 3,28 | 10,18 | 10,31 | 10,78 | 8,64 | 4,68 | 1,77 | 0,51 |
| 50 cm. dýpt | 0,95 | 0,67 | 0,48 | 0,30 | 2,2 | 7,74 | 8,96 | 9,47 | 8,34 | 5,17 | 2,56 | 1,23 |
| 100 cm. dýpt | 2,8 | 2,34 | 2,03 | 1,74 | 2,1 | 4,61 | 6,46 | 7,21 | 7,36 | 6,08 | 4,46 | 3,27 |

Fljótið var ísilagt um miðjan mars.

# Starfsfólk ársins

**Fastir starfsmenn**

Bergrún Arna Þorsteinsdóttir, Bjarki Sigurðsson, , Guðmundur F. Kristjánsson nýr starfsmaður hóf störf hjá deildinni í mars, Sigfús J. Oddsson, Þór Þorfinnsson, Ýmir K. Eiríksson, Kacper Zabczyk, Eiríkur Kjerulf ( hluta úr ári ),

**Sumarstarfsfólk**

Hafstein Hallgrímsson, Inga Lilja Snorradóttir, Elvar Aron Heimisson, Valur Einarsson og Olga Tomalik.



# Skógur og skóggræðsla

## Vöxtur og þrif trjágróðurs

**Vöxtur**

Vöxtur var í góðu meðallagi í flestum algengustu barrtrjánum, þó sumarið austanlands hafi ekki verið með allra besta móti. Vöxtur í lerkinu var þó í meðallagi.

**Fræfall**

Lítið var um fræ á okkar helstu trjátegundum. Ástæðan er líklega gríðarlega mikið fræ árið á undan.

**Skaðvaldar á trjám**

Töluvert var um stormfall í ýmsum skógarreitum af völdum hvassviðra haustið 2023. Sérstaklega í nýgrisjuðum reitum m.a. sitkabastarður utan við broddfurureitinn í Mjóanesi, sitkabastarður neðan þjóðvegar og Harðindakletts og lerkið frá 1985 þar við. Í flestum tilfellum eru þetta stakstæð tré sem oltið hafa um með rót eða hreinlega brotnað í tvennt.

Asparryð var áberandi á Héraði í sumar í mörgum klónum.



## Girðingar og smölun

**Hallormsstaðagirðing**

Endurnýjuð girðingin yfir Staðarárgilið. Endurgirt sitt hvoru megin við Buðlungavallaá, tjaslað í rest.

**Skriðuklausturgirðing**

Farið með girðingunni um vorið.

**Ormsstaðir ll í Breiðdal**

Skúli Björnsson verktaki tók að sér ásamt einum starfsmanni Skógræktarinnar viðhald á rafgirðingunni, grjótskriða hafði runnið á þvergirðinguna uppi.

**Jórvíkurgirðing**

Ekki var farið með girðingunn í ár sem er mjög illa farinn. Endurgirða þarf girðinguna að stórum hluta.

**Smölun búfjár**

Lítið sem ekkert var smalað á vegum deildarinnar.

## Viðhald vega og slóða

Sveinn Ingimarsson verktaki lagði nýja vinnuslóða í Víðidalnum á Hafursá vegna gróðursetningarverkefna þar, alls um 8 km.

Jón Björgvin Vernharðsson verktaki tók að sér viðgerð á slóða frá Tittlingsseli inn að pípuhliði við Buðlungavallaá, slóðin hefur verið nýttur vegna girðingarviðhalds og sem reiðvegur inn í Fljótsdal. Slóðinn verður nú hluti af hjóla og gönguleið sem verður hringleið upp í gegnum Hallormsstaðaháls og niður gamla Skriðdalsveginn. Framkvæmdin var styrkt úr Landsáætlun um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum.

## Skógarhögg

**Birkiskógurinn á Hallormsstað**

Birkikermur yfir fjallaþin og rauðgreni ofan við starfstöðina felldur að stórum hluta. Birki inna við gömlu stöð grisjað, töluvert snjóbrot. Birkiskermur yfir fjallaþin í Flataskógi felldur, þinurinn var kominn upp fyrir birkið sem var farið að skemma þininn.

Sagað birki og víðir frá slóðanum frá Freyshólahliði upp í gegnum skóg. Sagað frá slóða við Staðará og yfir á bláa gönguleið, hún kláruð um 5 km.

Tafla 5. Grisjun/skermfelling birkiskóga á Hallormsstað 2023

| Svæði | Reitur | Stærð ha. | Ath. |
|---|---|---|---|
| Flatiskógur | 409-1 | 0,2 | skermfelling yfir fjallaþin |
| Flatiskógur | 409-9A | 0,4 | skermfelling yfir fjallaþin |
| Flatiskógur | 409-9B | 0,5 | skermfelling yfir fjallaþin |
| Flatiskógur | 411-4 | 0,3 | skermfelling yfir fjallaþin |
| Flatiskógur | 413-9 | 0,5 | skermfelling yfir fjallaþin |
| Mörk | | 1,0 | grisjun |
| Innan við gömlu stöð | | 0,5 | grisjun |
| | **Alls:** | **3,4** | |




**Barrskógurinn**

Lítið sem ekkert var grisjað í barrskóginum eftir umtalsverða grisjun 2022. Lítill reitur af fjallþin og rauðgreni ofan við starfstöð grisjaður og blágrenireitur ofan þjóðvegar og starfstöðvar kláraður.

Tafla 6. Grisjun barrskóga 2023.

| Tegund | Svæði | Reitur | Ha. | Ath. |
|---|---|---|---|---|
| Fjallainur og rauðgreni | Mörk | | 1.0 | |
| Blágreni | | 605-4,8,8A,8B | 0,9 | |
| | | Alls: | 1,9 | |




## Viðarvinnsla

Unnið var við ýmiskonar viðarvinnslu á árinu. Bolviður seldur til úrvinnslu hjá Tandrabretti og Skógarafurðum. Eldiviðarframleiðsla var lítilsháttar meiri en í fyrra. Söguð voru lerkiborð m.a. fyrir Vatnajökulþjóðgarð, fuglahús í Borgarfirði og í ýmis smáverkefni. Seldir voru 30 rúmmetra sekkir af lerkikurli til Færeyja, sent með ferjunni frá Seyðisfirði.



Tafla 7. Afhentur viður 2023

| Vörutegund | Magn fm3 | Magn í m, m², m³, lm³, stk. | Eining |
|---|---|---|---|
| Lerkiborðviður, kantaður | 8 | 235,7 | m² |
| Lerkiborðviður, ókantaður | 1,7 | 57,7 | m² |
| Birkiborðviður | 0,53 | 17,4 | m² |
| Birkibolviður, birkt | 1,4 | 114,6 | m |
| Lerkibolviður, flettiefni | 332 | 332 | fm³ |
| Lerkibolviður | 3,4 | 3,4 | fm³ |
| Lerkibolviður, óbirkt | 0,2 | 6,7 | m |
| Grenibolviður | 0,82 | 0,82 | fm³ |
| Lerki stikklur | 5,5 | 46 | m² |
| Asparborðviður, kantaður/ókantaður | 4,2 | 168,5 | m² |
| Greniborðviður, kantaður/ókantaður | 6,12 | 148 | m² |
| Viðarkurl lerki – alm. sala | 101,9 | 254,8 | m³ |
| Viðarkurl greni – undirburður f. hross | 20,62 | 49,5 | m³ |
| Eldiviður birki (1 m³ poki) | 25 | 50 | stk. |
| Eldiviður birki (40 lítra poki) | 88 | 3386 | stk. |
| Bök | 1 | 133 | m |
| Eldiviður, barrviður (30 lítra poki) | 6,18 | 206 | stk. |
| Eldiviður, barrviður (40 lítra poki) | 57 | 1426 | stk. |
| Eldiviður, barrviður (1 m³ poki) | 33,5 | 67 | stk. |
| Eldiviður, barrviður | 0,85 | 1,7 | m³ |
| Spænir/afsag birki (40 lítra poki ) | 0,8 | 31 | stk. |

Afhending á eldiviði:



# Jólatré

Í byrjun nóvember voru sótt svo nefnd útitré sem komið er fyrir á vegg framan við verslanir og þjónustufyrirtæki á Egilsstöðum. Byrjað að sækja torgtré um miðjan nóvember. Tré sótt í Skriðuklaustur, mest blágreni. Annars voru tré sótt hingað og þangað í Hallormsstaðaskógi. Send voru 215 tré til Skógræktarfélags Eyjarfjarðar á Akureyri, stafafura 160 stk., blágreni. 21 stk. og 34 rauðgreni.

## Sala jólatrjáa

Tafla 8. Sala á jólatrjám 2023

| Stærðarflokkar | Rauð-greni | Stafa-fura | Blá-greni | Fjalla-þinur | Lindifura/ Skógarfura | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 0.70-1.00 m | 9 | 2 | | | | 11 |
| 1.00-1.25 m | 8 | 13 | 2 | 1 | 2 | 26 |
| 1.00-1.50 m | 10 | 10 | | | | 20 |
| 1.26-1.50 m | 12 | 52 | 11 | 3 | 1 | 79 |
| 1.51-1.75 m | 16 | 68 | 12 | 4 | 2 | 102 |
| 1.51-2.00 m | 10 | 7 | | | | 17 |
| 1.76-2.00 m | 20 | 46 | 9 | | 4 | 79 |
| 2.01-2.50 m | 9 | 16 | 5 | 1 | | 31 |
| 2.51-3.00 m | 5 | 7 | | 1 | | 13 |
| 3-4 m | 2 | | | 1 | | 3 |
| 4-5 m | 3 | | | 1 | | 4 |
| 5-6 m | 1 | | | | | 1 |
| 6-7 m | 1 | | | | | 1 |
| 7-8 m | 2 | | | | | 2 |
| 8-9 m | 4 | | | | | 4 |
| 9-10 | 2 | | | | | 2 |
| 10-11 m | 1 | | | | | 1 |
| ½ útitré (veggtré) | 125 | | | | | 125 |
| **Alls:** | **240** | **221** | **39** | **12** | **9** | **521** |

Tafla 9. Sala á jólagreinum 2023

| Tegund | Kg. |
|---|---|
| Ýmsar tegundir | 33 |

**Jólakötturinn.**

Markaðsdagurinn „Jólakötturinn“, samvinnuverkefni Skógræktarinnar á Hallormsstað og Félags skógarbænda á Austurlandi var haldinn laugardaginn 16. desember í Landsnetshúsinu á Egilsstöðum, þar sem fyrirtækið Vaskur var áður. Um 50 söluaðilar buðu margvíslegar vörur til sölu á markaðnum, ýmiskonar handverk og matvöru beint frá býli. Auk Skógræktarinnar buðu átta skógarbændur til sölu jólatré af ýmsum tegundum úr skógum sínum. Talið er að um þrjú þúsund manns hafi heimsótt markaðinn.





## Gróðursetning

Tafla 10. Gróðursetning á Hallormsstað.

| Tegund | Kvæmi | Aldur | Pl. gerð | R.nr. | Fjöldi | Ath. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjallaþinur | | | fp35 | 511-21-21A | 560 | Hólar |
| Fjallaþinur | | | fp35 | | 245 | Mjóanes |
| Sitkagreni | Cordova | | fp40 | | 560 | Mjóanes |
| Stafafura | Skagway | | fp40 | | 1200 | Mjóanes |
| | | | | Alls: | 2.565 | |

Sótt var um framkvæmdarleyfi um miðjan júní, vegna gróðursetningar í Víðidal á Hafursá. Gróðursetningin er samkvæmt samningi við One Tree Plantet. Eftir breytinga á skógræktaráætlun í meiri útivistarskógrækt og fornleifaskráningu var framkvæmdaleyfi veitt af skipulagsfulltrúa  Múlaþings um miðjan september. Gróðursetning hófst í kjölfarið.

Tafla 11.  Gróðursetning í Víðidal á Hafursá.

| Tegund | Kvæmi | Pl. gerð | R.nr. | Fjöldi | Ath. |
|---|---|---|---|---|---|
| Rússalerki | Lassinma | fp67 | | 14.893 | 53.pl. í bakka |
| Stafafura | Närlinge | fp67 | | 26.220 | 60 pl. Í bakka |
| Stafafura | Skagway | fp40 | | 6.720 | |
| | | | | | |
| | | | **Alls:** | **47.833** | |

*reitanúmer ekki aðgengileg

### Ormsstaðir II í Breiðdal

Tekið var á móti fulltrúum frá One Tree Planted 30. maí á Ormsstöðum II í Breiðdal, til að skoða gróðursetningarverkefnið þar, leist þeim vel á útkomuna. Heildarflatarmál innan girðingar dugði ekki fyrir allan plöntufjöldann samkvæmt samningnum við One Tree Planted. Eftir eru um 140.000 plöntur, þær verða gróðursettar á Víðidalssvæðinu á Hafursá. Hluti var gróðursettur í haust, klárað verður 2024.

### Höfði

Eins og undanfarin ár hefur Þröstur Eysteinsson skógræktarstjóri gróðursett ýmsar tegundir í landi Höfða, sjá töflu hér að neðan.

Tafla 12. Gróðursetning á Höfða 2023

| Tegund | Kvæmi | Aldur | Pl. gerð | Reitur nr. | Fjöldi | Ath. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ilmbjörk | Höfði | 1/0 | fp-40 | 142 | 136 | ræktað upp af 3. kynsl. Skillingsstad |
| Stafafura | Skagway | 3-4 ára | hnaus | 142 | 40 | sjálfsáð götubörn flutt úr vegkanti |
| Alaskaösp | Hallormur | 0/1 | Pott | Tún | 34 | sunnan við fjárhúsgrunn |
| Reyniviður | Höfði | 3/0 | Pott | Tún | 45 | lægðin norðan við heimreiðar |
| Sitkavíðir | Höfði | 0/1 | Pott | Tún | 27 | austan við bæinn |
| Sitkavíðir | Höfði | 0/1 | Pott | 192 | 14 | |
| Lensuvíðir | Höfði | 0/1 | Pott | 133 | 24 | |
| Lerkiblendir | Fræhús | 1/2 | Pott | 142 | 13 | blendingur Japansl.og Rússal. Frá Færeyjum |
| Garðahlynur | Höfði | 1/1 | Pott | Tún | 8 | austan við bæinn |
| Svartelri | | 1/2 | Pott | Tún | 7 | austan við bæinn |
| Knappareynir | Höfði | 1/2 | Pott | Tún | 3 | lægðin norðan heimreiðar |
| Kirsuber | Danmörk | 1/4 | Pott | Tún | 3 | innan um bæjarstaðaúrval |
| Askhlynur | | 2/3 | Pott | Tún | 2 | innan um bæjarstaðaúrval |
| Úlfareynir | Höfði | 1/2 | Pott | Tún | 2 | lægðin norðan við heimreiðar |
| Víðiblending. | Prairy Cascade | 0/1 | Pott | Tún | 2 | lægðin norðan við heimreiðar |
| Heggur | | 0/2 | Pott | Tún | 1 | lægðin norðan við heimreiðar |
| Gljáhlynur | | 1/2 | Pott | Tún | 1 | lægðin norðan við heimreiðar |
| Sumareik | | eldgömul | Pott | Tún | 1 | brekkan vestur af gamla bæ |
| Hjartalind | | 1/4 | Pott | Tún | 1 | innan um bæjarstaðaúrval |
| Ilmbjörk | Höfði | 1/1 | Pott | | 35 | Víðidalur |
| | | | | **Alls:** | **399** | |

# Plöntudreifingarstöð

Heildar afhending plantna úr dreifingarstöð 2023 voru 1.258.663 plöntur. Í stöðinni eru um 196.000 plöntur sem ekki fóru niður í haust, verða gróðursettar vor 2024.

**Plöntur til Skógarbænda og verkefna á vegum skógræktar:**
Fyrsti bíllinn með skógarplöntur kom 5. maí frá Gróðrarstöðinni Sólskógum. Afhending gekk vel en þó nokkuð er eftir af plöntum í dreifingarstöð sem verða yfirvetraðar.

**Ygg Carbon:**
Tekið á móti og afhentar plöntur fyrir Ygg Carbon eins og árið áður, plöntur komu frá gróðrarstöðvunum Sólskógum á Akureyri og Kvistabæ í Biskuptungum. Tekið var á móti plöntum og afhent bæði vor og haust. Töluvert af plöntum voru einnig yfirvetraðar í dreifingarstöðinni.

# Fasteignir

## Viðhald

**Skemma**
Skipt var um járnsleða á gólfi undir stóru hurðina á verkstæði.

**Jórvíkurbærinn**
Ekkert var unnið við Jórvíkurbæinn í ár. Lítil fjárveiting kom frá Minjastofnun, var framkvæmdum frestað til 2024, í von um meiri fjárveitingu.

Árið 2020 var komið fyrir notaðri brú frá Vegagerðinni yfir Jórvíkurá skammt frá Lindarbakkahúsinu. Grjótundirstöður gáfu sig í töluverðum vatnavöxtum 2022. Því voru sótt öflugra grjót og hlaðinn varnargarður og betri undirstaða undir brúnna, brúin var tekin af meðan á framkvæmdum stóð. Verkinu var stjórnað af Birni Björgvinssyni á Breiðdalsvík.



**Lindarbakkahús**
Búið er að smíða fullgerða alla fimm gluggana, sem verða settir í húsið vorið 2024.

**Markarhús**
Spónaparket á endaherbergi var pússað og lakkað.

**Skjólið í Mörk**
Spónaparkett á gólfi pússað og lakkað, gluggakistur málaðar, endurnýjaður hitavatnskútur.

# Vélar og tæki

## Bifreiðar

**ON-555 Mitsubitsi L-200:** Skipt um fjaðrablað, endurnýjuð miðstöð.

**KN-P65 Mitsubitsi L-200:** Gert við gírkassa eina ferðina en, endurnýjað mikið í bremsubúnaði að framan og bremsudælu.

**AV-019:** Bremsuviðgerð og endurnýjun á bremsukút, gert á Finnsstöðum.

## Dráttarvélar

**Valtra TZ-509:** Stærri olíuskipti, gert á Verkstæði Svans á Finnstöðum.
**UD-366:** Heddpakkning ónýt, bíður viðgerðar.
**UD-11:** Skipt um kveikjulok, hamar og kveikju, skipt um sviss.
**UD-784:** Löguð tenging við inngjöf vegna spils, skipt um rúðu í hurð.

## Önnur tæki

**JCB:** Skipt út tökkum í mælaborði, framrúða brotnaði og sett ný í.
Handbremsa tekinn upp.

**Viðarvagn og krani**: Eingöngu skipt um glussaslöngur.

**Eldiviðarsög**: Takkar á stýripinna endurnýjaðir.

**Wood-Mizer bandsög:** Bilaði í byrjun maí, stopp í 7 vikur. Keyptir nýir glussamótorar, endurnýjaðir leiðarar og stýrihjól. Skipt um vatnsslöngu og sögin fínstillt.

**Logosol – blásari:** Svinghjólið í blásaranum gaf sig, var sent til Reykjavíkur í viðgerð.

**Toro Groundmaster 3280d sláttuvél:** Skipt um legur og pakkdósir í afturdrifi, gert Vélaverkstæði Svans á Finnsstöðum. Skipt um allnokkrar reimar í vélinni.

**Fjórhjól:** Gert við kúplingu á Vélaverkstæði Svans á Finnstöðum, skipt um startara, gert við ballansstöng, keypt ný dekk að framan.

**Kurlari:** Brotnaði um suður á yfirtengi var soðið.

**Ýmislegt:** Skipt um legur í mótor í brýnslutæki fyrir Wood-Mizer blöðin.
Keyptur nýr steinn í brýnslutæki fyrir hnífa í kurlara.

# Útivistarsvæði

## Hallormsstaðaskógur

Smíðað var nýtt handrið á brúnna yfir Kerlingará.

**Frisbígolfvöllur**

Smíðuð var ein ný brú á gönguleiðinni einnig voru smíðaðir pallar úr lerki á þrjú grín, breitt kurl yfir þau grín sem ekki eru með palla. Birki var grisjað aðeins meðfram brautinni. Velunnarar frá Egilsstöðum komu og hreinsuðu lim og greinar á stígnum.

**Gönguleiðir í skógi**

Farið var með öllum gönguleiðum, merkingar og annað lagfært.

**Skógardagurinn mikli**

Skógardagurinn var haldin laugardaginn 24. júní. Dagurinn er samstarfsverkefni Skógræktarinnar, Félags skógarbænda á Austurlandi, Félags suðfjárbænda á Héraði og fjörðum og Félags nautgripabænda. Smá breyting var gerð í ár hvernig pylsurnar eru framreiddar,. Fyrirtækið Myllan á Egilsstöðum smíðaði fyrir verkefnið tvö langgrill, grilla nú gestir sjálfir pylsurnar, þessi breyting gaf góða raun og sparaði mannskap. Annað á dagskránni var með hefðbundnu sniði, heilgrillað naut, grillað lambakjöt, lummur og ketilkaffi og hljómlist á sviði.

Náttúruskólinn á Egilsstöðum kom í lið með okkur í ár með ýmsar þrautir tengdum skógi. Ellen Thamdrup á Gíslastöðum var með hesta og krökkum var boðið á bak.

Klói Kókómjólk fór í leiki með krökkunum, hann fagnaði 50 ára afmæli sínu á Skógardaginn.

Íslandsmótið í skógarhöggi var haldið að venju, keppendur voru alls 9. Íslandsmeistaratitlinum hampaði Bjarki Sigurðsson með engin refsistig, í öðru sæti var Matejciesla frá Skógarmenn Akureyri og í þriðja sæti Sigfús Jörgen Oddsson.

Um 1800 manns sóttu daginn. Kynning á dagskránni var stjórnað af Jóni Guðmundssyni fyrrum barnaskólakennara á Hallormsstað.



## Tjaldsvæði

Stærsti gistimánuður sumarsins var júní, sumarið kom með trompi 29. maí og var blíða fram yfir 20 júní. Júlímánuður var kaldur og ekki mikið um tjaldgesti, ágúst mánuður var þokkalegur.

Gerð voru 2 ný upplýsingarskilti í Höfðavík, annað var fyrir allt svæðið þar sem merkt er inn hvar öll þjónusta er á svæðinu og hitt af svæðinu þar sem forbókanlega tjaldsvæðið er.

Dúklagður tilvonandi sturtuklefi í Atlavík.

Ný brú smíðuð yfir Atlavíkurlækinn niður við Fljót, endurnýjaðar tröppur niður í fjöru í Höfðavík.



Tafla 13. Fjöldi gistinátta 2017 – 2023

| Mán. | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Maí | 392 | 442 | 313 | 736 | 181 | 304 | 492 |
| Júní | 1313 | 4430 | 2547 | 3.490 | 4.628 | 1.687 | 4.289 |
| Júlí | 8788 | 13197 | 5270 | 14.090 | 25.891 | 8.756 | 3.846 |
| Ágúst | 2519 | 2624 | 2551 | 7.591 | 4.031 | 3.810 | 3.503 |
| Sept. | 829 | 753 | 650 | 164 | 845 | 755 | 901 |
| **Alls:** | **13.841** | **21.446** | **11.331** | **26.071** | **35.576** | **15.312** | **13.031** |

Fjöldi gistinátta 2023

| | Ísl. gestir | Erl. gestir |
|---|---|---|
| Maí | 217 | 275 |
| Júní | 3.622 | 667 |
| Júlí | 2.960 | 886 |
| Ágúst | 2.602 | 901 |
| Sept. | 282 | 619 |
| **Alls:** | **9.683** | **3.348** |

Fjöldi gistinátta eftir mánuðum 2009 – 2023




## Trjásafn

Fjallaþinir sem fuku/brotnuðu niður í safninu hreinsuð burt, gömul fjallafura sem lagðist niður fjarlægð. Sagað lim frá göngustóða, frá bogabrúnni inn að Atlavík. Bjarki smíðaði tvö útiborð. Keppt var í Kraftakeppninni Víkingurinn víðsvegar um Austurland. Í Trjásafninu var keppt var í tveimur greinum, drumbalyftu og Þórshamarhald. Keppnin í safninu fór fram 15. júlí. Þar komu saman sterkustu kraftajötnar landsins.


VAKA
prolong
HÁGÆÐASMUREFNI


DYNICE



# ÝMISLEGT

## Sjálfboðaliðar

Sex manna hópur frá Seeds sjálfboðaliða samtökunum kom 4. september og dvaldi hér í tvær vikur. Hópurinn kláraði að endurbæta gönguleiðina frá Kliftjörn, þar voru m.a. smíðaðar tröppur. Byrjuðu að taka niður girðingu á Hafursá, innan við Freyshóla, um 1 km var rifin niður. Hreinsaðar voru greinar í reiðstígnum í gegnum lerkið innan við Buðlungavallaá.



## Rjúpnaveiði

Rjúpnaveiðitímabilið er í umsjón Umhverfisstofnunar. Í ár var heimilt að veiða rjúpu frá og með 20. október til og með 21. nóvember, frá og með föstudögum til og með þriðjudögum á því tímabili.

Á þessum tímabili var veður til rjúpnaveiða frekar óhagstætt, tíð hvassviðri og slydda eða snjókoma.

Tafla 14. Sala veiðileyfa 2021 - 2023

| Svæði | Fjöldi veiðileyfa 2021. | Seld leyfi 2021. | Fjöldi veiðileyfa 2022 | Seld leyfi 2022 | Fjöldi veiðileyfa 2023 | Seld leyfi 2023 | Hlutfall seldra leyfa 2023. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Gilsárdalur-Hallormsstaðaháls | 132 | 43 | 132 | 42 | 150 | 48 | 32,0 % |
| Jórvík í Breiðdal | 44 | 13 | 44 | 16 | 50 | 16 | 32,0 % |
| Ormsstaðir II í Breiðdal | 66 | 1 | 66 | 3 | 75 | 4 | 5,3 % |
| **Alls:** | **242** | **57** | **242** | **61** | **275** | **68** | **24,7 %** |

## Námskeið/fundir/ráðstefnur

28. mars Fagráðstefna Skógræktar á Ísafirði.
21. nóv. Sameiginlegur vinnufundur Landgræðslu og Skógræktar á Selfossi.
30. nóv. Starfsmannafundur Skógræktar, haldinn á Hallormsstað.

## Ársskýrsla 2023

**Þór Þorfinnsson**
**Bergrún Arna Þorsteinsdóttir**